



Hádegishólar

Verndarflokkur: Bæjarvernd

Verndarforsendur: Menningarminjar, ísaldarmenjar

Hádegishóll eða Hádegishólar draga nafn sitt af því að eystri hóllinn var eyktarmark frá bænum Fífuhvammi sem var syðst Kópavogsjarðanna fjögurra. Hóllinn var í hásuður frá bænum og bar því sól yfir hann á hádegi.

Eyktarmark er fastur punktur í landslagi sem sólina ber í frá tilteknunum bæ á vissum tímum dags. Helst áttí að miða áttina frá eldhúsini á bænum. Algengt var að fjallstindar, hæðir, skörð eða jafnvel hlaðnar vörður væru eyktarmörk.

Fyrr á oldum var sólarhringnum skipt upp í eyktir sem voru 8 talsins. Ekki er hægt að tímasetja eyktir nákvæmlega eftir stundaklukku nútímans en nöfn þeirra eru: ótta (um kl. 3), miður morgunn eða rismál (um kl. 6), dagmál (um kl. 9), miðdegi eða hádegi (um kl. 12), nón (um kl. 15), miður aftann eða mið-aftann (um kl. 18), náttmál (um kl. 21) og miðnætti eða lágnætti (um kl. 24). Því eru til örnefni eins og Miðmorgunsvörður, Dagnálahnúkur, Hádegishóll, Nónskál, Miðaftansdrangur, Náttmálaborg.

Hádegishólar eru ávalir grágrytishólar með áberandi ísaldarminjum (hvalbökum og jökulrákum). Bergið í klöppunum tilheyrir svokölluðu Breiðholtsgrágrýti en það liggar ofan á Reykjavíkurgrágrýtinu sem Kópavogur stendur að mestu á og er um 300.000- 400.000 ára gamalt. Af því má ráða að Hádegishólar eru með yngri jarðmyndunum í Kópavogi og eru yngri en t.d. Víghólar og Borgarholt.

Hvalbök nefnast jöklusorfnir klapparhólar og þekkjast á því að sú hlið klapparinnar sem vissi á móti skriðstefnu jöklusins og jökulþunginn mæddi mest á, er fremur slétt og aflíðandi. Hin hliðin sem vissi undan skriðstefnunni er hins vegar oft brött og stöllótt, enda náði jökkullinn að rífa flyksur úr berginu þeim megin. Jökulrákir á Hádegishólum urðu til fyrir um 10.000 árum þegar jökkullinn skreið fram og rispaði undirlagið með urð og grjóti. Af stefnu hvalbaka og jökulráka má ráða að jökkullinn sem síðast gekk yfir Kópavog hafði stefnuna NV-SA.

Dýrgripur
Sól
Máni
Hlíf
Uppljómun
Viska
Samið Kærleikur, forsenda andlegar vöknunar
Kærleikur

13 diskar
13 stig áunninna hæfileika Buddha
13 Kennslulaðerðir Buddha

„Harmica“
Attfaldur vegur:
Rett sjónhorn
Rett skilningur
Rett tal
Rett gjörð
Rett viðurveri
Rett viðleinu
Rett athygli

Bumba
Undirstóðuatriði uppljómunar
Að vera á varðbergi, glöggskynni og athygli

Fjölgur þrep
Hin fjölgur óþrójandi atriði:
Ast, kærleikur, gleði og jaðnlyndi

Þrjú þrep
Athvarf hjá Buddah
Athvarf i kenningu Buddah
Athvarf hjá þeim sem hafa óðlast skilning fyr tilstilli Buddah

Alheimur
Viska sem umlykur allt og er allstæðar

Vindur
Viska sem skapar og kemur öllu i verk

Vatn
Viska sem endurspeglar, skyrleiki

Jörð
Viska sem er grunnur að öllu og metur allt að jörðu

Stupur eru forn asísk mannvirki sem upphaflega voru reist sem minnisvarðar um fornar hetjudádir. Með tilkomu búddatrúar fyrir um 2500 árum breyttist tilgangur þeirra í að vera minning um brautryðendur í þroska mannkynsins og hvatning um að feta í fótspor þeirra og leita leiða til andlegs þroska.

Stupan á Hádegishólum er byggð samkvæmt tíbeskum hefðum og reglum. Sérhvert form felur í sér táknræna merkingu um leiðir til innri þroska. Í heild sinni táknað stupa uppljómaðan hug. Hug sem hafinn er yfir allar takmarkanir og neikvæða eiginleika. Hug með fullkomnið jafnvægi kærleiks og visku.

Ytri, innri og dulin (esoterisk) gerð stupu veitir henni lækningamátt, umbreytir neikvæði orku í nánasta umhverfi og hefur hulin djúpstæð áhrif á allar skynverur sem koma nærri henni. Vegna þessara eiginleika stupa hafa þær verið byggðar viðsvegar um heim.

Stupunni var valinn staður á Hádegishólum vegna velvilja og viðsýni bæjaryfirvalda í Kópavogi.

Landið þar sem stupunni var fundinn staður var blessað 21. ágúst 1992 af Ven Thrangu Rinpoche. Ven Lama Zopa Ronpoche vígði stupuna 18. nóvember 1993.

Frumkvæði að byggingu stupunnar hafði íslensk kona sem búið hefur meðal tíbeskra flóttamanna í Indlandi í áratugi og naut hún aðstoðar listamanna frá Íslandi, Tíbet, Nepal, Indlandi og Ungverjalandi. Alls kom á annað hundrað manns af ólíku þjóðerni og trú að gerð stupunnar.

